

**Borgarstjórn**  
**19. nóvember 2019**

### **Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um að bæta umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á stofnbrautum**

Borgarstjórn samþykkir að farið verði tafarlaust í að bæta umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda yfir umferðarmiklar stofnbrautir þar sem slysatíðni er há. Lausnirnar skulu annað hvort vera göngubrýr, undigöng eða annars konar þveranir. 1. Hringbraut við Bræðraborgarstíg. 2. Hringbraut við Gamla garð. 3. Miklubraut við Klambratún. 4. Miklubraut við Stakkahlíð. 5. Kringlumýrarbraut við Suðurver.

#### **Greinargerð:**

Umferðarslys eru kostnaðarsöm fyrir samfélagið og þá sem í þeim lenda og geta valdið bæði líkamlegum og tilfinningalegum skaða og ekki síður örkuml og stundum dauða. Þessar þveranir gegna mikilvægu hlutverki í göngu- og hjólreiðaumferð borgarinnar auk þess sem þær stórauka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda um þessar umferðarpungu stofnæðar. Þær verður því að útfæra á sem bestan og öruggastan hátt fyrir alla vegfarendur. Umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda er slakt á þessum stöðum og þolir enga bið um úrbætur. Tryggt verði að framkvæmdirnar verði afturkræfar og hindri ekki framkvæmd á nýgerðum samningi milli Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins. Reykjavíkurborg mætti líta til Kópavogs í þessum efnum þar sem einfaldar og staðlaðar göngubrýr voru settar upp yfir þungar umferðargötur eins og nýja Arnarnesveginum rétt hjá Smáralind. Kosturinn við þær er að framkvæmdatími er afar stuttur og veldur litlu riski.

#### **Mismunandi orsakir slysa á gangandi og hjólandi vegfarendum.**

Hraðinn er sjaldnast frumorsök umferðarslysa en afleiðingarnar verða verri með meiri hraða. Yfir 90% orsaka eru mannleg mistök eins og t.d. er keyrt yfir á rauðu viljandi og óviljandi. Ástand og athygli ökumanns spilar stórt hlutverk eins og t.d. lyfjanotkun, áfengisnotkun, þreyta og heilsa. Á veturna sérstaklega er sýnileiki gangandi og hjólandi áriðandi. Áriðandi er að nota endurskinsmerki, vera í áberandi fatnaði eða endurskinsvestum. Áriðandi er fyrir alla að nota ekki síma á meðan verið er á ferðinni. Algengur orsakavaldur slysa er skert útsýni bæði frá gangbraut og götu.

#### **Forgangur:**

Ekki á að bíða eftir alvarlegum slysum til að fara í framkvæmdir. Setja verður verkefni um öruggar gönguleiðir yfir stofnæðar í forgang í borgarkerfinu. Ekki þarf að taka mikinn tíma í að kostnaðarmeta verkefnið og setja það í arðsemismat. Bjóða verður verkið út á EES svæðinu samkvæmt framkvæmdaáætlun. Leysa verður öryggismál dagsins í dag og algjört ábyrgðarleysi er að bíða í fleiri áratugi eftir hugsanlegri borgarlínu eða stokkalausnum.